

**Nd. 110. Frumvarp til laga [75. mál]**  
um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

**1. gr.**

1. Þessir málaflokkar falla undir ákvæði laga þessara:

- a) Röng notkun stöðureita og notkun slíkra reita án greiðslu tilskilins gjalds, þar sem sveitar- eða bæjarstjórn hefur, að fengnu samþykki lögreglustjóra, sett reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana samkvæmt heimild í 3. málsgrein 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

- b) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt sérákvæðum sem lögreglustjóri setur, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, samkvæmt heimild í síðasta málslið 2. málsgreinar 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
  - c) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt merkingum eða öðrum sýnilegum ákvörðunum lögreglustjóra, vegamálastjóra eða yfirvalda bæjar eða sveitar samkvæmt heimildum í 1. mgr., 4. mgr. eða 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
  - d) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt ákvæðum f. og h. liða 5. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo og andstætt ákvæði d. liðar 6. málsgreinar sömu greinar.
2. Ákvæði laga þessara ná þó ekki til þeirra málaflokka, sem í 1. málsgrein greinir, ef hin ranga stöðvun eða staða ökutækis eða röng notkun stöðureits felur jafnframt í sér brot á öðrum ákvæðum umferðarlaga eða varðar refsingu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

#### 2. gr.

Ekki skal beita refsingum samkvæmt umferðarlögum eða öðrum lögum vegna atvika þeirra, sem greinir í 1. mgr. 1. gr. laga þessara, heldur skal lagt á gjald í ríkissjóð vegna þeirra, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, um fjárhæð gjaldsins og hvernig það skuli á lagt og innheimt.

#### 3. gr.

- 1. Lögreglustjórar sjá um álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., innheimtu þess, tilkynningar til skuldara og allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
- 2. Við framkvæmd laga þessara, þar á meðal álagningu gjalda, nýtur lögreglustjóri aðstoðar lögreglumanna samkvæmt ákvæðum laga um lögreglumenn og laga um meðferð opinberra mála.
- 3. Þar sem sveitar- eða bæjarstjórn notar heimild 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga til þess að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, getur lögreglustjóri löggilt sérstaka stöðumælaverði eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, til þess að leggja á gjald samkvæmt 2. gr. Stöðumælaverðir þessir taka laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renna stöðumælagjöld í sveitar- eða bæjarsjóð. Þeir starfa undir stjórn og á ábyrgð lögreglustjóra, er þeir leggja á gjöld í ríkissjóð samkvæmt 2. gr.

#### 4. gr.

- 1. Gjald samkvæmt 2. gr. er lagt á með skriflegri tilkynningu, sem afhent skal öku- manni, ef hann er nærstaddur, en annars skilin eftir á áberandi stað í eða á ökutækinu, ef unnt er. Þess sé getið í tilkynningu, hvort hún var afhent öku- manni eða hvar hún var skilin eftir.
- 2. Í tilkynningu skal greina, svo að ekki verði um villst, hverskonar ökutæki sé um að ræða, skráningarnúmer, tegund, lit, árgerð, ef vitað er, gegn hvaða lagafyrir- mælum brotið er, stað, stund, athuganir lögreglumanns eða annars löggilts eftirlitsmanns. Hversu hátt gjaldið sé, eindaga þess og hvernig greitt skuli.

#### 5. gr.

Frestur til greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum 2. greinar, sem greindur skal í tilkynningu samkvæmt 4. gr. skal vera 2—4 vikur eftir ákvörðun lögreglustjóra. Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem gjald er á lagt, sér um framkvæmd málsins, þar til það er sent til dómstóla samkvæmt 8. og 9. grein. Greiðslu skal inna af hendi til hans, þó að leita þurfi til dómstóls í öðru umdæmi. Fari innheimta fram eftir skrá skv. 8. gr. c samhliða innheimtu ökutækjagjalda skv. 9. gr., skal þó greiða til innheimtumanns gjalda í umdæmi, þar sem ökutækið er skráð.

#### 6. gr.

Ökumaður sá, sem ábyrgð ber á stöðvun eða stöðu ökutækis, er gjaldskyldur samkvæmt 2. grein. Sé ökumaður annar en skráður eigandi ökutækis eða umráðamaður, bera þeir báðir óskipt ábyrgð á greiðslu gjaldsins, nema sannað verði, að eigandi (umráðamaður) hafi misst umráð ökutækis vegna refsiverðs atferlis ökumanns.

#### 7. gr.

1. Gjald samkvæmt 2. gr. nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki.
2. Lögveð samkvæmt þessari grein gengur á undan öllum veðum öðrum en lögveðum vegna bifreiðagjalda og iðgjalda vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins.
3. Áður en til lögtaks eða nauðungarsölu kemur, skal þessum skilyrðum fullnægt:
  - a) Senda skal skráðum eiganda (og umráðamanni, ef kunnugt er um, að hann sé annar en skráður eigandi) í ábyrgðarbréfi, sem borið skal út, ítrekun upphaflegrar gjaldkröfu, með tilkynningu um, að lögtaks eða nauðungarsölu verði beiðst, ef gjaldið verði ekki greitt innan tveggja vikna ásamt áföllnum kostnaði, sem tilgreindur skal í bréfinu. Í bréfi þessu skal þess jafnframt getið, ef gjaldið ásamt kostnaði samkvæmt framangreindu verður fært á lögveðaskrá sem skuld er á ökutækinu hvíli, sbr. ákvæði c liðar 8. gr.
  - b) Ef viðtakandi ábyrgðarbréfs samkvæmt a-lið finnst ekki, skal pósthofa endursenda bréfið án tafar. Skal þá birta skráðum eiganda (umráðamanni) samskonar áskorun um greiðslu og tilkynningu um lögtak, nauðungarsölu og skráningu á lögveðaskrá, allt innan 2 vikna frests frá birtingu. Greina skal skuldina eins og hún er þá orðin með áföllnum kostnaði. Áskorun þessi og tilkynning skal birt af stefnuvottum í samræmi við reglur um stefnur í almennum einkamálum.

#### 8. gr.

Hafi eigandi ökutækis, umráðamaður eða ökumaður ekki sinnt kröfum eða tilkynningum samkvæmt 2. gr. eða 7. gr. laga þessara og greiðsla samkvæmt 2. gr. eigi verið innt af hendi getur lögreglustjóri:

- a) Krafist lögtaks fyrir gjaldi samkvæmt 2. gr. ásamt öllum útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, er séu jafnháir dráttarvöxtum, sem reiknast af vangreiddum þinggjöldum, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.
- b) Krafist nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar á lögðum gjöldum og kostnaði eftir reglum laga nr. 49/1951. Eigi þarf þó að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðspöla frekari tilkynningar en segir í 7. gr.

- c) Skráð gjaldið eða látið skrá það, ásamt áföllnum kostnaði, hjá viðkomandi þinglýsingardómara á sérstaka skrá, sem tengist ökutækjaskrá, þar sem öll gjöld, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, eru skráð. Slikar innritanir skal afmá, er lögreglustjóri sá, er lagði gjaldið upphaflega á, eða lögreglustjóri sá, sem innheimtir gjaldið, sendir þinglýsingardómara tilkynningu þar að lútandi. Fylgiskjöl skrár þessarar þarf ekki að geyma nema 2 ár eftir að gjöld eru útstrikuð. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skrá þessa, fylgiskjöl og sendingu þeirra, innritanir og útstrikanir og annað, sem hann telur þörf á.

#### 9. gr.

Innheimtumaður bifreiðagjalda skal, þegar skrá um bifreiðagjöld er samin, láta gera skrá um ógreidd gjöld samkvæmt 2. gr., sem á hafa verið lögð fyrir næstliðið ár 1. desember til 1. desember, og skráð hafa verið samkvæmt c. lið 8. gr. Skulu gjöld þessi, ásamt útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, innheimt með öðrum gjöldum af ökutækinu, og njóta sama réttar og þau, nema lögreglustjóri hafi tilkynnt, að hann muni leita til dómstóla samkvæmt ákvæðum 8. gr. a eða b eða 10. gr.

#### 10. gr.

- 1) Ef eigandi ökutækis óskar eftir að halda uppi vörnum vegna álagningar gjalds samkvæmt ákvæðum 2. gr. eða vegna kostnaðar af henni, skal hann gera lögreglustjóra grein fyrir því innan þeirra fresta, sem greindir eru í 7. gr. Skal þá lögreglustjóri, nema hann felli gjaldið niður, beiðast lögtaks hjá eiganda ökutækis, svo að eigandi ökutækis megi í fógetarétti færa fram varnir sínar. Skal þá lögtaksúrskurður uppkveðinn og birtur fyrir skráðum eiganda ökutækis af stefnuvottum með venjulegum hætti um birtingu lögtaksúrskurða, sem ekki hafa almenna þýðingu.
- 2) Heimilt er lögreglustjóra að skrá hið álagða gjald á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c á meðan mál biður úrlausnar fógeta, en afmá skal skráninguna, ef fógeti synjar um lögtak.

#### 11. gr.

Ef komið verður á sameiginlegri bifreiðaskráningu fyrir allt landið, getur dómsmálaráðherra falið Bifreiðæftirliti ríkisins eða annarri stofnun að annast þau störf, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, önnur en upphaflega álagningu gjalds samkvæmt 2. gr.

#### 12. gr.

Eigi má framkvæma aðalskoðun ökutækja eða umskráningu nema gjöld þau, sem á hafa verið lögð samkvæmt lögum þessum, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum, er skráð hafa verið á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c hafi verið greidd. Gjaldanda er þó jafnan heimilt að inna greiðsluna af hendi með fyrirvara.

#### 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1980.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi 1977—78, en hlaut eigi afgreiðslu. Er frumvarpið nú flutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd að ósk dómsmálaráðherra. Í réttarfarsnefnd eiga sæti: Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari, Björn Fr. Björnsson

fyrirv. sýslumaður, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson hæstaréttar-dómari. Vegna undirbúnings málsins fór Sigurgeir Jónsson til Noregs og Danmerkur og kynnti sér á vegum nefndarinnar reglur þær, sem gilda í þessum löndum um viðurlög við stöðumælalög og skyldum brotum.

Við athuganir þær, sem á undanförunum árum hafa verið gerðar á meðferð dómsmála, hefur athyglin einkum beinst að þrem leiðum til að bæta og hraða meðferð dómsmála:

1. Breyta má réttarfarsreglum, sem á vissum sviðum eru of þunglamalegar og gefa ekki kost á eins hraðri málsmeðferð og æskilegt væri.
2. Breyta má venjum, sem skapast hafa við meðferð mála og valda drætti umfram það, sem réttarfarsreglur gera óhjákvæmilegt, t. d. óhæfilegar frestveitingar, sem dómarmar ráða tæplega við, vegna forræðis málsaðila í einkamálum.
3. Minnka má starfsálag á dómstóla, sem er of mikið miðað við mannafla og starfsaðstöðu.

Eins og kunnugt er hefur ýmislegt verið gert að undanförunu til þess að bæta meðferð dómsmála. Má nefna reglurnar um áskorunarmál frá 1968, lög um rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1976 og breytingar á meðferð opinberra mála frá 1973, 1974 og 1976. Þá hefur verið lagt fram frumvarp til lögréttulaga. Myndi það frumvarp og fylgfrumvörp þess, ef lögfest yrðu, snerta öll 3 ofangreind atriði.

Til að minnka álag á dómstóla koma einkum tvö úrræði til greina:

- a) aukinn mannafla og bætt starfsaðstaða og
- b) fækkun verkefna eða einföldun á þeim.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, beinist fyrst og fremst að hinu síðara.

Hin mikla fjölgun ökumanna og ökutækja á undanförunum áratugum hefur margfaldað fjölda opinberra mála svo sem alkunna er. Ýmislegt hefur verið gert til þess að létta einhverju af þessum mikla málafjölda af dómstólum, svo sem með ákvæðum um lögreglusektir og lögreglustjórasektir. Þó eru mál þessi ennþá opinber mál, sem taka afar mikið af starfstíma lögregluvalda og þeirra, sem fara með sakadómsmál. Einn er sá flokkur þessara mála, sem tæplega verður talinn eiga að varða refsingu, en það eru svokölluð stöðumælalög og önnur brot á stöðureglum ökutækja. Þessi mál taka hinsvegar svo mikið af starfstíma lögregluvalda og sakadómara (dómarafulltrúa), að til mikils væri að vinna, ef unnt væri að létta þeim störfum af þessum starfsmönnum til þess að þeir gætu betur sinnt öðrum málum.

Í Noregi og Danmörku sæta mál þessi ekki lengur venjulegri meðferð opinberra mála. Þau hafa verið „afkriminaliseruð“ og er nú farið með þau sem einkamál.

Í báðum þessum ríkjum eru ákveðin gjöld í bæjarsjóð eða ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir reglum um stöðu ökutækja (parkering) eða greiða ekki gjöld, þar sem greiðsluskylda er samkvæmt mæli. Gjöld þessi eru nokkuð há. Í Noregi eru þau 50 n.kr. fyrir að greiða ekki stöðuggjöld samkvæmt mæli, sem hækka í 75 n.kr. ef ekki er greitt innan stutts frests og 100 n.kr. fyrir önnur brot á reglum um stöðu ökutækja. Í Danmörku eru þau 110 d.kr. fyrir öll þesskonar brot á reglum. Hér er um að ræða gjald („gebyr“ eða „afgift“), en ekki sekt („bøte“ eða „böde“). Hafa ber í huga að norskar og danskar krónur eru 35—40 sinnum verðmætari en íslenskar krónur. Í báðum löndunum er það eigandi ökutækis, sem raunverulega verður að greiða gjaldið, þó að ökumaður sé fyrst og fremst (þímært) ábyrgur. Í Noregi fylgir lögveð í ökutæki, en í Danmörku lögtaksréttur hjá þeim, sem ábyrgir eru fyrir gjaldinu, þ. e. ökumaður og eigandi. Í báðum löndunum telja þeir, sem um þessi mál fjalla, að mikil bót hafi verið að núgildandi reglum. Gera þeir ekki mikið úr því aukna álagi, á uppboðsrétt og/eða fógetarétt, sem er afleiðing hinna breyttu reglna.

Til þess að reyna að fyrirbyggja það, að frumvarp þetta, ef lögfest verður, yrði til þess að flytja vandann frá einum dómstóli (sakadómi) til annars (fógetaréttar eða uppboðsréttar), er farin sú leið að láta gjöld þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, njóta bæði lögtaksréttar og lögveðs í ökutæki, en auk þess bætt við heimild

til þess að skrá öll slík gjöld um leið og þau eru á lögð, á sérstaka skrá, tengda ökutækjaskrá. Skrá þessi yrði síðan notuð af innheimtumanni til þess að innheimta öll slík álögð gjöld árlega með öðrum gjöldum af ökutækjum, og fengist ekki skoðun eða umskráning vegna eigendaskipta eða flutnings, nema gjöldin væru greidd. Má búast við, að þessi aðferð yrði notuð í flestum tilvikum, og yrði innheimtan mjög einföld og kostnaðarlítill og gerði litlar kröfur til mannafla. Lögtingsheimildinni yrði aðallega beitt, þar sem vörnum væri haldið uppi, til þess að ökumaður eða eigandi ökutækis fengi tækifæri til þess að láta dómstól skera úr um réttmæti álagningar gjalds þessa. Er lögð skylda á lögreglustjóra að leita til fógetaréttar um lögtak, ef álagningu gjalds er mótmælt.

Nauðungarsölu samkvæmt lögveðsrétti yrði aðallega beitt, ef ekki þætti rétt að bíða allt að einu ári með innheimtu, t. d. ef mjög mikill fjöldi gjalda safnaðist á eitt ökutæki, einkum ef ökutækið væri komið til ára sinna eða lítils virði og búast mætti við, að eigandi skeytti ekki lögveðskröfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóri velji, hverri af innheimtuaðferðunum hann beiti. Myndi það væntanlega verða að nokkru eftir almennum reglum, sem settar yrðu með reglugerð, en sumpart að mati lögreglustjóra eftir fjölda álagðra gjalda á sama ökutæki, aldri og ástandi ökutækis, greiðslugetu eiganda og starfsálagi á embætti lögreglustjórans.

Í frumvarpinu eru ströng ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglustjóra og um birtingu tilkynninga. Tæplega ætti því að geta komið til þess, að gjald eða kostnaður falli á ökutæki samkvæmt reglum þeim, sem frumvarpið felur í sér, án vitundar eiganda og möguleika til þess að fá málið horið undir dómstóla.

Með þeim innheimtureglum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, má fullvist telja, að meðferð mála þessara geti orðið svo einföld, að miklir starfskraftar losni til þýðingarmeiri starfa, bæði hjá lögreglu og dómstólum, einkum hjá þeim síðarnefndu.

Gert er ráð fyrir því, að gjöld samkvæmt 2. gr. þurfi að vera eitthvað í líkingu við það, sem er í Noregi og Danmörku, ef verulegur árangur á að nást í því að halda uppi settum reglum, létta störf dómstóla og gera meðferð mála þessara einfaldari.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### **Um 1. gr.**

Í greininni eru tæmandi talin þau atvik, sem lögin fjalla um. Jafnframt er tekið fram, að öll önnur brot, sem snerta stöðvun eða stöðu ökutækja, skuli sæta sömu meðferð og verið hefur. Einstakir töluliðir greinarinnar þykja ekki þurfa skýringar við, annað en það, að 1. töluliður fjallar um svokölluð stöðumælubrot, en aðrir töluliðir um aðrar tegundir rangrar stöðu ökutækja, sem ekki valda eða eru líklegar til að valda hættu í umferð.

##### **Um 2. gr.**

Þessi grein felur í sér meginreglu frumvarpsins um gjald í ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir settum reglum um stöðu og stöðvun ökutækis. Kemur gjaldið í stað sektar og lýtur reglum einkamálaréttar. Sektir fara hins vegar eftir reglum refsiréttar, þ. m. t. vararefsing, varðhald eða fangelsi. Þegar gjald þetta er lagt á verður ekki um neitt gjald í sveitarsjóð að ræða.

##### **Um 3. gr.**

Þessi grein þarfnast ekki skýringar, annarrar en þeirrar, að gert er ráð fyrir, að svokallaðir stöðumælaverðir séu aðstoðarmenn lögreglustjóra við álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., en þeir hafa til þessa kært stöðumælubrot í Reykjavík. Menn þessir taka laun úr sveitarsjóði (borgarsjóði Reykjavíkur), enda eru verk þeirra fyrst og fremst fólgin í því að sjá um stöðumæla sveitarfélagsins, sem það fær öll gjöld af. Annað mál er það, að núgildandi stöðumælagjöld eru alltof lág. Til

Þess að gjaldskyldu í stöðumæla sé fullnægt, er einhverskonar réttarvarsla nauðsynleg, annaðhvort refsivarsla eins og verið hefur, eða sú tegund réttarvörslu, sem hér er lagt til, að beitt verði. Eðlilegt er að sveitarfélagið, sem tekjur hefur af stöðureitunum (stöðumælunum), leggi til starfskrafta að nokkru, svo sem verið hefur. Er það svipað og í Danmörku, en þó er talsvert meira lagt á sveitarfélögin þar.

#### Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 6. gr.

Eftir núgildandi reglum verður að upplýsa, hver var stjórnandi ökutækis, til þess að honum verði refsað fyrir þessi umferðarlagabrot. Hefur það oft valdið sönnunarerfiðleikum. Með reglum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er um að ræða óskipta ábyrgð ökumanns og skráðs eiganda á gjaldi samkvæmt 2. gr. Í raun verður það oftast eigandinn, sem greiðir, ef ökumaður gerir það ekki í upphafi, enda ökutækið að lögveði fyrir gjaldinu. Regla þessi er í samræmi við eigandaábyrgð á ökutæki vegna tjóns, sem valdið er með því, án tillits til sakar eiganda.

#### Um 7. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um þann rétt, sem gjöld samkvæmt 2. gr. hafa, lög-taksrétt og lögveðsrétt í ökutæki, og þarfnast ekki skýringa. Þá eru einnig í greininni ákvæði um tilkynningar um álagningu gjalda og um birtingu þeirra tilkynninga. Eins og áður greinir eru reglur þessar svo strangar, að ekki ætti til þess að geta komið, að ókunnugleiki eiganda valdi honum réttarspjöllum.

#### Um 8. gr.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig lögreglustjóri getur innheimt gjald samkvæmt 2. gr. og/eða látið skrá það á sérstaka skrá tengda ökutækjaskrá til þess að tryggja innheimtu samkvæmt 10. gr.

#### Um 9. gr.

Greinin fjallar um þá tegund innheimtu, sem byggist á skráningu gjaldanna samkvæmt 9. gr., og er um það fjallað í hinum almennu athugasemdum.

#### Um 10. gr.

Greinin fjallar um það, er eigandi ökutækis vill ekki sætta sig við álagningu gjalds samkv. 2. gr. Mótmæli eigandi, er lögð sú skylda á lögreglustjóra að beiðast lögtaks og fá úrskurð fógetaréttar um réttmæti álagningarinnar. Að sjálfsgöðu kemur ekki til þessa, ef lögreglustjóri tekur mótmælin til greina og fellir gjaldið niður. Úrskurði fógetaréttar má skjóta til æðra dóms eftir almennum málskotsreglum.

#### Um 11. gr.

Greinin er sett til þess, að mögulegt verði án lagabreytingar, að sameina meðferð allra slíkra mála á einum stað, ef skilyrði verða til. Sú aðgerð hefur gefist mjög vel í Danmörku. Skilyrði þeirrar sameiningar eru ekki fyrir hendi að óbreyttum íslenskum lögum.

#### Um 12. gr.

Greinin er efnislega framhald 10. gr. og veitir heimild til að beita þeirri þvingun, sem nauðsynleg er til þess að innheimta meginhluta gjalda þessara með einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

#### Um 13. gr.

Nokkurn undirbúning þarf til þess að gera þá breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þykir því rétt að hafa nokkurra mánaða frest frá staðfestingu til gildistöku.